

# Lögreglustjórafélag Íslands

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
umsagnir@althingi.is

Akureyri 4. mars 2024

**Efni: Umsögn Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra, o.fl.), 691. mál 154 löggjafarþingi.**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. sem miða að því að gera samskipti þeirra sem vinna á grunni löggjafarinnar tæknilega hlutlaus og skapa forsendur til að nýta tæknilausnir í ríkari mæli í réttarvörslukerfinu. Markmið breytinganna er að réttarvörslukerfið verði einfaldara, notendavænna og að málsmeðferð verði greiðari, án þess að gæðum og réttaröryggi verð förnað. Þeim er ætlað að bæta aðgengi að dómstólunum og einfalda samskipti, meðal annars við lögreglu, auka skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi þeirra sem vinna eftir réttarfarslöggjöfinni og hafa jákvæð umhverfisáhrif.

Lögreglustjórafélag Íslands tekur undir með umsögn Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 27. febrúar 2024 og telur þörf á að lagfæra ákvæði er lýtur að birtingu á ákærum.

Ákvæði 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir því að heimilt sé að birta ákæru í stafrænu pósthólfi ákærða og að hún teljist réttilega birt þegar ákærði hefur staðfest móttöku hennar. Þetta ákvæði er ekki í samræmi við meginregluna um að gagn teljist réttilega birt þegar það hefur verið gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi. Tillagan um birtingu ákæru í frumvarpinu er í andstöðu við 7. gr. laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf þar sem kveðið er á um að skjal teljist réttilega birt þegar það er gert aðgengilegt í stafrænu pósthólfi. Útilokað er fyrir þann sem birtir ákæru að vita hvenær ákærði hafi opnað tölvupóst auk þess sem ákærða er í sjálfsveld sett hvort hann staðfesti móttöku eða ekki. Í dag er heimilt að birta ákæru fyrir þeim sem staddur er á lögheimili ákærða eða með birtingu í Lögbirtingablaði og verður samnborið við þær leiðir talið mun öruggara og í betra samræmi við friðhelgi einkalífs að meta skjal birt þegar það er aðgengilegt í stafrænu pósthólfi.

Samkvæmt gildandi löggjöf er ekki heimilt að dæma í útivistarmáli þ.e. máli þar sem ákærði mætir ekki til dómþings nema þar sem refsing er lægri en sex mánaða fangelsi. Þá eru heimildir til að endurupptaka útivistardóma afar rúmar og því óþarfa varfærni að leggja til að tvöfalda birtingu á ákærum, þ.e. bæði með því að gagn sé komið í stafrænt pósthólf og með staðfestingu á móttöku. Slíkt samræmist ekki markmiðum laga um skilvirkni og þyngir meðferð slíkra birtinga til muna.

Að öðru leyti gerir Lögreglustjórafélag Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið og styður aðrar breytingatillögur.

Virðingarfyllst,

Páley Borgþórsdóttir,  
formaður Lögreglustjórafélags Íslands.